

Bt. Heilbrigðisnefndar
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartúni 12
105 Reykjavík

Reykjavík, 29.03.2024

Efni: Undanþága á reglum um hundahald frá starfsleyfi fyrir gististaði

Farfuglar ses (kt. 470312-1060) óska eftir undanþágu frá 43 gr. reglugerðar nr. 903/2024 um aðgengi hunda að hýbýlum öðrum en einkaheimilum, þar sem fram kemur að:

„Óheimilt er að hleypta hundum, köttum eða öðrum dýrum í eftirtalin rými eða svæði, nema að um það sé sérstaklega getið í þessari grein eða að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, sbr. 4. mgr.“

Farfuglar ses. reka Loft HI Hostel (að Bankastræti 7), Dal HI Hostel (að Sundlaugavegi 34) og Tjaldsvæðið í Laugardal (að Sundlaugavegi 32). Á öllum staðsetningum má finna sameiginleg veitingarými, þar sem gestir geta keypt og/eða neytt létttra veitinga. Óskað er eftir undanþágu fyrir alla þrjá staðina fyrir þau rými.

Rökstuðningur

Í ljósi þess að Íslendingar eru margir að nýta þá þjónustu og teljandi hluti þeirra vill geta komið með alla fjölskylduna með sér, þar með talið hundinn, þá er hér óskað eftir undanþágu fyrir alla þrjá staðina frá reglum um hundahald frá sameiginlegum veitingarýmum staðanna. Ekki er hér óskað eftir undanþágu frá reglum fyrir gistirými staðanna, enda þess eðlis að herbergin þar eru að nánast öllu leiti leigð til erlendra ferðamanna, sem eðli málsins samkvæmt eru ekki með hunda.

Aðstæður og skilyrði

Aðalinngangar á Loft Hostel, Dal Hostel og Tjaldvæðinu í Laugardal eru beint inn í veitingarými, án þess að komi til þess að fara í gegnum gistirými á þeirri leið. Móttaka er staðsett í sama rými og þannig er gott eftirlit og yfirsýn yfir þá hunda sem koma inn í rýmið. Hundar yrðu ekki leyfðir inni í gestarýmum, né nálægt svæðum þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd. Fylgst verður með því að allir hundar séu í taumi og hundum vísað út, sem valda truflun við aðra gesti. Þrifaáætlun gerir ráð fyrir hundum í veitingarýminu og sérstakir vatnsdallar fyrir hunda vel merktir og þrífir sérstaklega. Markaðssetning og upplýsingar munu gera grein fyrir að hundar séu velkomnir í veitingarýmin og að þeir séu aðeins velkomnir þar. Kynning við inngang mun segja það sama.

Með von um jákvæðar undirtektir og skjóta afgreiðslu,

Oddvar H. Árnason.



Oddvar Haukur Árnason

Framkvæmdastjóri Farfugla ses





Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Efni: Tillaga að leyfi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um aðgang hunda í gististöðum Farfugla ses. sbr. 43. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Vísað er í erindi Farfugla ses (kt. 470312-1060) dags. 29. mars 2025, þar sem óskað er eftir leyfi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um aðgang hunda á gististöðum rekstraraðila, sbr. 43. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um aðgang dýra að tilteknum svæðum, húsnæði og almenningsamgöngutækjum. Beiðninni fylgir erindi Farfugla ses.

Óskað er eftir leyfi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um að hundar verði heimilaðir á:

1. Dalur HI Hostel að Sundlaugavegi 34, 105 Reykjavík
2. Loft HI Hostel að Bankastræti 7, 101 Reykjavík

Erindi fyrirtækisins varðar beiðni um að gestir, sem að þess kjósa, fái að hafa með sér hunda á sameiginleg veitingarými viðkomandi gististaða. Þar kemur einnig fram hvaða skilyrði staðirnir munu setja vegna þess og upplýsingar um fyrirkomulag.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerir ekki athugasemdir við að leyfi verði veitt en bendir á eftirfarandi skilyrði sem að viðkomandi gististaðir þurfa að uppfylla:

- Mikilvægt er að ofangreindir rekstraraðilar fylgi eftir skilyrðum sem tilgreind eru í erindinu.
- Þrifaáætlun rekstraraðila þarf að taka mið af því að hundar séu leyfðir í veitingarýmum og tryggt að framkvæmd þrifa séu í samræmi við hana.
- Hundaeigendur skulu koma sjálfir með vatnsdalla fyrir hunda sína svo hægt til að tryggja hreinlæti rýma þar matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd.
- Í markaðssetningu rekstraraðila, sem og á heimasíðum þeirra komi fram að hundar séu leyfðir í takmörkuðum hluta staðanna (veitingarými) svo gestir geti tekið upplýsta ákvörðun áður en þeir panta gistingu.
- Aðrir gestir séu upplýstir um að það hundar séu leyfðir á stöðunum á sýnilegan hátt við innganga þess.
- Rekstraraðilar eru ábyrgir gagnvart öðrum gestum valdi hundur skaða á þeim eða eigum þeirra.
- Tryggja þarf að ekki sé verið að fara með hunda um staðina nema stystu leið í veitingarýmin og þeir séu hafðir þar og að ekki sé verið að fara með þá annað um staðina.
- Setja þarf upp sýnilegar umgengnisreglur fyrir viðskiptavinum með hunda í veitingarými gististaðanna ásamt heimasíðu.

Þá bendir Heilbrigðiseftirlitið á að samkvæmt samþykkt um hundahald í Reykjavík. nr. 478/2012 er kveðið á um að ábyrgðarmaður hunds skuli hafi náð 18 ára aldri. Hundur má aldrei vera laus. Leyfi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur vegna hundahalds á viðkomandi gististöðum fylgir gildistíma starfsleyfa þeirra.